



*Peter og Nanne Grönvall*

## **Dansaðu vindur**

*kristján Hreinsson*

Kuldinn hann kemur um jólin með kolsvarta skugga  
krakkarnir kúra í skjóli hjá kerti í glugga  
**vindur, já dansaðu vindur**  
**er vetur og kuldi gefa nýjan þrótt**  
**vindur, já dansaðu vindur**  
**vertu á sveim´ um kalda jólanótt**

núna nístir í snjónum um nóttina svörtu  
nærast á takti og tónum titrandi hjörtu  
**vindur já, dansaðu vindur**  
**er vetur og kuldi gefa nýjan þrótt**  
**vindur já, dansaðu vindur**  
**vertu á sveimi um kalda jólanótt**

**vindur já, dansaðu vindur**  
**að vetri fá börn að finna húsaskjól**  
**vindur já, dansaðu vindur**  
**veturinn færir börnum heilög jól**

úti fær vindur að valda voldugum tónum  
núna nötrar af kulda nóttin í snjónum  
**vindur já, dansaðu vindur**  
**af vetri fá börn að finna húsaskjól**  
**vindur já, dansaðu vindur**  
**veturinn færir börnum heilög jól**

**oh vindur, já dansaðu vindur**  
**veturinn færir börnum heilög jól**

